



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

Landbúnaðar- og girðinganefnd

6. fundur.

Fundur haldinn í Landbúnaðar- og girðinganefnd 8. desember 2015 kl 10:00.

Mættir: Böðvar Pétursson, Halldór Árnason, Sólveig E. Hinriksdóttir og Birgir Hauksson, fjallskilastjóri.

Dagskrá:

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Uppgjör fjallskila 2015
Þrjár gangnaskýrslur bárust, frá gangnaforingjum Norðurfjalla, Eystri Miðfjalla og Grafarlöndum/Herðubreiðarlindum.
Uppgjör fjallskilareikninga. Einn reikningur barst fyrir 350 km. Gerðar eru athugasemdir við þann reikning og samþykkt að greiða fyrir 100 km. Þar sem farið var að sækja fé að beiðni fjallskilastjóra, ein ferð austur á Móa 18. október 60. km. og önnur austur á Randir 1. nóvember 40 km. Annar akstur 250 km. fellur undir lið 12 í önnur fyrirmæli 2015 „ekki er greitt fyrir akstur þar sem verið er að skila dagsverkum“.
Fjallskilasjóðsgjald á kind á austurafrétt 5 kr.
Tveir reikningar bárust þar sem fé var sótt suður fyrir Dyngjufjöll. Fjallskilastjóra var tilkynnt um fé sunnan við Dyngjufjöll og sendi hann menn að sækja það. Sóttar voru 4 kindur sem allar voru úr Svartárkoti. Samþykkt að senda reikning til Vatnajökulsþjóðgarðar vegna þessarar smölunar kr. 88.586,-
Girðingagjald. Samtals reikningar fyrir 810.203,- Reikningur frá Landgræðslunni vegna viðhalds á Randargirðingu 250.595,- samþykkir nefndin ekki að greiða, hann tilheyrir ekki fjallskilum. Girðingagjaldið lækkað um þessa upphæð og verður þá samtals 561.708,-, girðingagjald á kind 125,-
Fé í Grafarlöndum/Herðubreiðarlindum.
Tíu kindur komu úr Grafarlöndum/Herðubreiðarlindum. Landbúnaðarnefnd minnir bændur á að óheimilt er að sleppa fé á fjall sem komið hefur af þessu svæði.
3. Landbótaáætlun 2016
Borist hefur eftir dúk og disk og með óformlegum leiðum svar Mast við landbótaáætlun 2015 – 2024. Svarbréfið var sent á einn af tíu aðilum sem skrifuðu undir áætlunina og ekkert bréf sent á sveitarfélagið. Ákveðið að senda Mast kvörtunarbréf vegna slæmrar stjórnsýslu.

Nefndin sem vann að þessari áætlun verður kölluð saman til fundar til að fara yfir athugasemdirnar sem bárust frá Landgræðslunni og laga áætlunina. Áætlað að funda fimmtudaginn 7. janúar 2016

Landbótasjóður 2016, haft samband við Daða Lange hjá Landgræðslunni og hann staðfesti að við þyrftum ekki að sækja sérstaklega um núna.

4. Önnur mál

Brýr á Suðurá - Sótt var um styrk í Úrbótasjóð á ferðamannastöðum v/lagfæringa á brúm við Suðurá. Svar hefur ekki borist.

Hlíðarétt - Minjavernd styrkir viðgerð á Hlíðarétt um 5 milljónir króna, Garðvík vinnur verkið

Vegaáætlun – styrkvegafé - Rætt um að skoða hvaða vegi ætti að sækja um styrk í.

Sækja þarf um í sjóðinn fyrir 15. mars n.k.

Veggirðingaáætlun – skila þarf áætluninni til Vegagerðarinnar í byrjun árs 2016, stefnt að því að vinna hana á fundi 7. janúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Böðvar Pétursson

Halldór Árnason

Sólveig E. Hinriksdóttir

Birgir Hauksson

Böðvar P.

Halldór Arnason.

Birgir Hauksson

Sólveig E. Hinriksdóttir.